




# ORKUMÁL 1996



# ORKUMÁL 1996

## Merking tákna í töflum

- “ endurtekning
- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar, sem notuð er
- . talan á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk
- \* bráðabirgðatala eða áætlun
- ( ) tala í sviga er ekki meðtalin í samtölu

### Gefið út af Orkustofnun

Ritstjóri: Árni Ragnarsson

Ljósmynd á forsíðu: Ingibjörg Kaldal

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf

# Inngangsorð

Ritið Orkumál hefur að geyma tölulegar upplýsingar um íslensk orkumál. Það var gefið út reglulega af raforkumálastjóra og síðar Orkustofnun á árunum 1959-1985, en eftir það lá útgáfan niðri í allmörg ár. Heftið sem kom út 1985 er nr. 35 og geymir efni frá árinu 1982.

Þráðurinn var tekinn upp aftur með útgáfu Orkumála 1994 og í framhaldi af því komu út Orkumál 1995 í byrjun síðasta árs. Það hefti sem hér birtist er nr. 49 og geymir efni frá 1996. Efni þess og framsetning er nánast eins og í síðustu tveimur heftum, þannig að töflur og myndir eru þær sömu, aðeins með nýjum gögnum. Nokkrar minni háttar endubætur hafa þó verið gerðar frá síðustu útgáfu.

Áformað er að í kjölfar þessa heftis komi út tvö hefti Orkumála, fyrir árin 1997 og 1998. Á síðari hluta þessa árs er áætlað að gefa út Orkumál 1999 og eftir það er þess vænst að ritið komi út árlega með efni frá árinu á undan. Ætlunin er að gera árunum 1983-93 skil í sérstakri útgáfu á næsta ári, en efni þessara árganga verður óhjákvæmilega misítarlegt.

Í janúar 2000

Þorkell Helgason  
orkumálastjóri

Árni Ragnarsson  
deildarstjóri orkubúskapardeildar

# Efnisyfirlit

Merking tákna .....	2
Inngangsorð .....	3
Efnisyfirlit .....	4

## Textahluti

<b>Raforkuiðnaðurinn 1996</b> .....	<b>5</b>
Vinnsla raforku á Íslandi 1904-1996 .....	5
Raforkuvinnsla 1996 .....	6
Miðlunarlón 1996-1997 .....	7
Raforkusala 1996 .....	8
Heildsala á raforku 1996 .....	8
Raforkusala til stórnotenda 1996 .....	9
Raforka til endanlegra notenda 1996 .....	10
Raforkukerfi Íslands 1996 .....	11
Nýting jarðhita á Íslandi 1996 .....	12
<b>Almenningshitaveitur 1996</b> .....	<b>13</b>
Almennar upplýsingar um hitaveitur í árslok 1996 .....	13
Vinnslu- og aðveitukerfi hitaveitna í árslok 1996 .....	13
Dreifikerfi og dælustöðvar í árslok 1996 .....	13
Orkuöflun hitaveitna 1996 .....	13
<b>Notkun eldsneytis 1996</b> .....	<b>14</b>
Eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996 .....	14
Losun á koltvísýringi frá brennslu eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996 .....	14
Eldsneytisnotkun innanlands 1996 .....	15
Eldsneytisnotkun alls í íslenskum þjóðarbúskap 1996 .....	15

## Töfluhluti

Töfluyfirlit .....	17
Raforkuvinnsla .....	18
Raforkusala .....	29
Raforkuverð .....	45
Flutningskerfi raforku .....	47
Hitaveitur .....	48
Eldsneyti .....	56
Frumorka .....	63
<b>Um mælieiningar afls og orku</b> .....	<b>64</b>


## VINNSLA RAFORKU Á ÍSLANDI 1904-1996

Árið 1904 fengu fyrstu almennu notendurnir rafmagn frá 9 kW (0,009 MW) rafstöð sem Jóhannes Reykdal kom upp við Hamarskotslæk í Hafnarfirði í þeim tilgangi að lýsa trésmíðaverkstæði sem hann átti og knýja smíðavélarnar. Á fyrstu tveimur áratugum aldarinnar komu ýmis kaupúnasveitarfélög upp hjá sér rafstöðvum og á árunum 1921-1933 virkjaði Reykjavík Elliðaárnar. Á fjórða áratugnum kom virkjun Ljósafoss í Sogi og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar, sem Akureyri stóð fyrir. Á seinni stríðsárunum og þar á eftir óx raforkunotkunin óðfluga, m.a. vegna þess að farið var að elda með rafmagni, en nýjar vatnsaflsvirkjanir komust fyrst í gagnid snemma á sjötta áratugnum með Írafoss-virkjun í Sogi 1953, annarri virkjun í Laxá við Brúar 1952 og virkjunum í Grímsá, Mjólka, Þverá í Steingrímsfirði, Gönguskarðsá í Skagafirði, Laxá á Ásum og Steingrímsstöð í Sogi, síðustu Sogsvirkjuninni, 1959. Næstar komu Búrfellsvirkjun 1969, þriðja virkjunin í Laxá við Brúar 1973, Sigölduvirkjun 1980, Hrauneyja-fossvirkjun 1982 og Blönduvirkjun 1993.

Olíumótorar og síðar dísil-mótorar gegndu víða mikilvægu hlutverki. En af algengustu tegund rafstöðva í

heiminum, gufufafstöðvum, hefur aðeins ein verið reist á Íslandi, varastöðin við Elliðaár, sem kom í gagnid 1948, en hefur nú verið lögð niður. Hún var m.a. gerð fyrir að brenna íslenskum surtarbrandi en til þess hefur aldrei komið nema til reynslu. Gashverfistöð var reist við Straumsvík 1969, en hún hefur aldrei gegnt hlutverki varastöðvar. Eftir seinni heimsstyrjöldina voru gerðar tilraunir í Hveragerði með að láta jarðgufu snúa gufuhverfli til raforkuvinnslu og hugmyndir voru uppi um þesskonar vinnslu í Krísuvík á vegum Rafveitu Hafnarfjarðar. Langt var komið undirbúningi undir 30 MW jarðgufuvirkjun í Hveragerði en hætt var við hana þegar ákveðið var að reisa álverið. Fyrsta jarðgufustöðin á Íslandi sem kom í eiginlegan rekstur var 3 MW stöð í Bjarnarflagi sem komst í gagnid 1969, en þar næst Svartsengi 1977 og Krafla 1978.

Myndin hér að neðan sýnir hvernig raforkuvinnsla á Íslandi hefur þróast frá 1920. Henni er skipt á eldsneyti, jarðhita og vatnsorku, sem alla tíð hefur staðið undir yfirgnæfandi hluta hennar. Vinnsla með olíu var nokkur eftir stríðið og fram yfir 1950 og aftur frá 1965 fram til 1984 þegar hringtengingu landsins með byggðalínunum lauk og allir landshlutar fengu aðgang að rafmagni frá vatnsaflsstöðvunum. Vinnsla með jarðgufu hefur farið vaxandi frá 1980, og nemur nú 7% af heildinni.



Mynd 1.1 Raforkuvinnsla á Íslandi 1920-1996.

## RAFORKUVINNSLA 1996

Vinnsla raforku nam alls 5.113 GWh árið 1996. Hún skiptist á orkugjafa sem hér segir og er vinnslan 1995 sýnd til samanburðar:

1996	GWh	%
Vatnsorka	4.764	93,2
Jarðhiti	346	6,8
Olía	4	0,1
Alls	5.113	100,0

1995	GWh	%
Vatnsorka	4.678	94,0
Jarðhiti	290	5,8
Olía	8	0,2
Alls	4.977	100,0

Mynd 1.2 sýnir skiptingu raforkuvinnslunnar 1996 eftir orkugjöfum.

Notkun raforku skiptist í fastaorku annars vegar og ótryggða orku og sérsamninga hins vegar eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.3:

1996	GWh	%
Fastaorka	3.822	78,0
Ótryggð orka og sérsamn.	1.080	22,0
Flutn.töþ og eigin notk. LV	211	
Alls	5.113	100,0

1995	GWh	%
Fastaorka	3.752	78,6
Ótryggð orka og sérsamn.	1.024	21,4
Flutn.töþ og eigin notk. LV	201	
Alls	4.977	100,0


Verg raforkunotkun, þ.e. notkun að flutnings- og dreiftöpum meðtöldum, er jöfn vinnslunni hér á landi þar eð hvorki er um að ræða útflutning né innflutning á raforku. (Þetta er ólíkt því sem á við um flest nágrennalönd okkar).

Árið 1996 skiptist verg raforkunotkun sem hér segir milli höfuðflokka notenda; almennra notenda og stóriðju. Árið 1995 er sýnt til samanburðar:

1996	GWh	%
Stóriðja	2.564	50,1
Almenn notkun	2.549	49,9
Alls	5.113	100,0

1995	GWh	%
Stóriðja	2.498	50,2
Almenn notkun	2.479	49,8
Alls	4.977	100,0


Mynd 1.4 sýnir skiptinguna milli almennrar notkunar og stóriðju 1996.



Mynd 1.2 Vinnsla raforku á Íslandi 1996 eftir orkulindum.



Mynd 1.3 Verg raforkunotkun 1996 eftir tegundum raforku.




Mynd 1.4 Verg raforkunotkun 1996 eftir megingtundum notkunar.

Vinnsla raforkunnar skiptist á fyrirtæki 1996 sem hér segir:

	GWh	%
Landsvirkjun	4.761	93,1
Rafmagnsveitur ríkisins	127	2,5
Hitaveita Suðurnesja	117	2,3
Aðrir	108	2,1
Alls	5.113	100,0

Mynd 1.5 sýnir skiptingu vinnslunnar eftir fyrirtækjum 1996.



Mynd 1.5 Vinnsla raforku á Íslandi 1996 eftir fyrirtækjum.

## MIDLUNARLÓN 1996-1997

Í landi eins og Íslandi, sem byggir raforkuvinnslu sína að langmestu leyti á vatnsorku, er nauðsynlegt að hafa miðlunarlón til að geta lagað raforkuvinnsluna að eftirspurninni. Hún er mest að vetrinum þegar vatnsrennslið í ánum er minnst. Rennslið er aftur á móti mest að vorinu og snemma sumars þegar snjóa er að leysa á hálendinu og á jöklum að sumrinu.

Miðlunarlónin eru einkonar vatnshlöður raforkubúskaparins sem geyma þennan afkrastur sumarsins til notkunar að vetrinum. Miðlunarlónin eru gjarnan full - eða a.m.k. í hámarki, ef þau ná ekki að fyllast - síðari hluta sumars, en það lækkar í þeim þegar kemur fram á veturinn og í lágmarki eru þau gjarna snemma vors um mánaðarmótin apríl-maí.

Almanaksárið er af þessum sökum óhentugt tímabil til að miða rekstur miðlunarlóna við. Mun heppilegra er að miða hann við svonefnt vatnsár, sem hér á landi og í mörgum öðrum norðlægum löndum er talið frá septemberbyrjun til loka ágúst árið eftir. Er svo gert hér.

Tvennt einkennir miðlunarlón: Annars vegar nafnrými þess, þ.e. rúmmál þess vatns í lóninu sem ætlað er vera nýtanlegt til vatnsmiðlunar, gjarnan mælt í gígalítrum, Gl, þ.e. milljörðum lítra eða milljónum rúmmetra, sem er það sama, og hins vegar nafnorka þess; sú orka sem fæst úr nafnrýminu annars vegar og hins vegar af sam- anlagðri fallhæð þeirra raforkuvera sem vatninu er hleypt í gegnum.

Nafnrýmið er rúmmál þess vatns sem lóninu er ætlað að rúma fullt við venjulegar kringumstæður. En oft er unnt að „yfirfylla“ lónið lítið eitt; að sýnu leyti alveg eins og hægt er að „yfirkeyra“ vél; þ.e. láta hana skila meiru afli en stimplað er á nafnspjald hennar.

Nafnrými og nafnorka helstu miðlunarlóna í íslenska raforkuvinnslukerfinu var sem hér segir í árslok 1996:


	Nafnrými Gl	Nafnorka GWh
Þórisvatn	1.330	871
Krókslón (Sigalda)	140	92
Hrauneyjalón	33	16
Sultartangalón	61	17
Blöndulón	220	150
Önnur lón	274	45
Alls	2.058	1.191

Talið er að vinnslugeta vatnsaflsstöðvanna í íslenska raforkuvinnslukerfinu á fastaorku, þ.e. orku sem er tiltæk í sem næst öllum árum, hvert sem vatnsárferði er, sé nú 4.615 GWh á ári. Samkvæmt því er nafnorka miðlananna 25,8% af vinnslugetunni; þ.e. þær geta geymt um fjórðung þeirrar orku sem vatnsaflsstöðvarnar geta unnið. Þetta er nokkru lægra hlutfall en í ýmsum öðrum vatnsaflslöndum eins og til dæmis Noregi, þar sem þetta hlutfall er milli 40 og 50%.

Vatnsárið 1996-1997 var orka í miðlunarlónum í hámarki 19. sept. 1996 þegar hún náði 91% af nafnorku þeirra. Minnst orka var í lónunum 13. apríl 1997, 23% af nafnorku.

Mynd 1.6 sýnir rekstur miðlunarlónanna 1996-1997. Þórisvatn er það miðlunarlón sem langmestu máli skiptir en síðan Blöndulón. Sigöldulón hefur lítið verið nýtt þetta vatnsár. Mjög lítið munar um Hrauneyjalón og Sultartangalón til slíkrar miðlunar milli árstíða en þau gera samt mikið gagn til að jafna dægursveiflur og þau draga stórlega úr ístruflunum að vetri.





Mynd 1.6 Rekstur miðlunarlóna 1996-1997.

## RAFORKUSALA 1996

Eftirfarandi tafla gefur heildaryfirlit yfir raforkunotkun á árinu 1996.

	1996 GWh	1995 GWh	Aukn. %
Flutningstöp	211	201	5,0
Stórnotkun	2.451	2.390	2,5
Almenn notkun	2.452	2.386	2,8
Alls (vinnsla)	5.113	4.977	2,7
Alm. notk., forgangsorka	2.099	2.063	1,8
Alm. notk., ótryggð orka	353	323	9,0
Alls	2.452	2.386	2,8
Stórnotk. m. flutn.töpum	2.564	2.498	2,6
Alm. notk. m. flutn.töpum	2.549	2.479	2,8
Alls	5.113	4.977	2,7

Almenn raforkunotkun er nokkuð breytileg eftir lofthita. Til þess að marktækur samburður fái milli ára verður því að leiðrétta mælda notkun eftir frávik lofthitans frá meðallagi. Sem meðallag er notaður meðalhiti árunna 1949-1994, 4,5°C. Eftirfarandi tafla sýnir almenna raforkunotkun við meðallagshita.

	1996	1995	Aukn.
Ársmeðalhiti, °C	5,05	3,81	
	GWh	GWh	%
Almenn notkun, án flutningstapa	2.461	2.362	4,2
Almenn notkun, með flutningstöpum	2.567	2.461	4,3

## HEILDSALA Á RAFORKU 1996


Seljendur forgangsortu í heildsölu 1996 voru þrír. Hlutur þeirra í raforkusölu og heildsölutekjur fyrir afslætti voru sem hér segir:

Seljandi	Sala GWh	Tekjur Mkr	Meðaltekjur kr/kWh
Landsvirkjun	1.746	5.286	3,03
Rafmagnsv. ríkisins	154	525	3,41
Andakilsárvirkjun	50	143	2,88
Alls	1.950	5.954	3,05


Bæði Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins veittu afslátt frá venjulegu heildsöluverði af rafmagni sem fór til hitunar húsa og notkunar í fiskeldisstöðvum, og auk þess sérafslátt samkvæmt sérstökum samningum þar um. Eftir þennan afslátt voru tekjur heildsölu þessarar:

Seljandi	Sala GWh	Tekjur Mkr	Meðaltekjur kr/kWh
Landsvirkjun	1.746	5.135	2,94
Rafmagnsv. ríkisins	154	515	3,34

Andakilsárvirkjun veitti ekki afslátt af rafmagni í heildsölu.



Mynd 1.7 Skipting forgangsorku í heildsölu 1996 eftir seljendum.



Mynd 1.8 Skipting forgangsorku í heildsölu 1996 eftir kaupendum.

Helstu kaupendur að forgangsorku í heildsölu 1996 voru þessir:

Kaupandi	Kaup GWh	Verð Mkr	Meðalverð Kr/kWh
Hitav. Suðurnesja	81,3	241,4	2,97
Rafv. Hafnarfjarðar	69,8	207,4	2,97
Rafmagnsv. Rvíkur	697,2	2.066,4	2,96
Rafmagnsv. ríkisins	776,2	2.264,4	3,06
Orkubú Vestfjarða	73,7	249,7	3,39
Rafveita Akureyrar	86,7	263,7	3,04
Aðrir	165,4	661,2	3,28

Ofangreind verð eru án afsláttar. Með afslætti leit dæmið þannig út:

Kaupandi	Kaup GWh	Verð Mkr	Meðalverð Kr/kWh
Hitav. Suðurnesja	81,3	220,4	2,71
Rafmagnsv. Rvíkur	697,2	2.057,8	2,95
Rafmagnsv. ríkisins	739,7	2.162,3	2,92
Orkubú Vestfjarða	73,7	232,0	3,15
Rafveita Akureyrar	86,7	262,2	3,02
Aðrir	271,7	857,9	3,16

Rafveita Hafnarfjarðar naut ekki afsláttar.

Mynd 1.7 sýnir skiptingu forgangsorku í heildsölu 1996 eftir seljendum. Hluttur Landsvirkjunar er þar afgerandi stærstur, með 89,6% sölunnar. Hluttur Rafmagnsveitna ríkisins er 7,9% og Andakilsárvirkjunar 2,5%.


Mynd 1.8 sýnir skiptingu forgangsorku í heildsölu eftir kaupendum. Stærstu kaupendurnir eru Rafmagnsveitur ríkisins með 37,9% heildarkaupanna og Rafmagnsveita Reykjavíkur með 35,8% eða samtals 73,7%. Aðrir keyptu 26,3%.

## RAFORKUSALA TIL STÓRNOT- ENDA 1996

Stórnotandi nefnist raforkunotandi sem notar að jafnaði 100 GWh á ári eða þar yfir. Slíkir notendur kaupa oftast nær raforkuna beint af framleiðanda, án milligöngu dreifiveitu.

Hér á landi er Landsvirkjun eini seljandi raforku til stórnotenda. Árið 1996 seldi fyrirtækið slíkum notendum raforku eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.9.


Kaupandi	Fasta-orka GWh	Ötryggð orka GWh	Orka samtals GWh
Ísl. Álfélagið	1.307	373	1.680
Ísl. Járblendifélagið	284	356	640
Áburðarverksmiðjan	130	-	130
Alls	1.721	729	2.450



Mynd 1.9 Raforkusala til stórnotenda 1996.

## RAFORKA TIL ENDANLEGRA NOTENDA 1996

Árið 1996 var sala á raforku til endanlegra notenda sem hér segir, greind eftir helstu hópum notenda samkvæmt alþjóðlegum staðli um flokkun efnahagslegrar starfsemi. Þetta er einnig sýnt á mynd 1.11.




Mynd 1.10 Skipting raforku til endanlegra notenda 1996 eftir landshlutum.

Flokkun notkunar	Raforka GWh
Landbúnaður	181
Matvælaíðnaður	230
Efnaiðnaður	287
Undirstöðuiðnaður úr járn og stáli	643
Undirst.iðn. úr ójárnkenndum málum	1680
Annar iðnaður	178
Veitur	366
Opinber þjónusta	181
Viðskipti, handiðnir og önnur þjónusta	328
Heimilisnotkun	563
Varnarliðið	78
Önnur notkun	58
Alls	4.773


Eftir landshlutum skiptist raforka til endanlegra notenda eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.10:


Landshluti	GWh
Suðurnes	206
Höfuðborgarsvæðið	2.554
Vesturland	809
Vestfirðir	188
Norðurland	434
Austurland	263
Suðurland	321
Alls	4.773



Mynd 1.11 Raforkusala til endanlegra notenda 1996 eftir helstu notkunarflokkum.

# RAFORKUKERFI ÍSLANDS 1996





# Almenningshitaveitur 1996

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM HITAVEITUR Í ÁRSLOK 1996

Fjöldi íbúa á orkuveitusvæðum hitaveitna	238.363
Fjöldi íbúa með hitaveitu	231.132
Fjöldi gjaldenda hitaveitna	65.548
Heildarrúmmál húsa á orkuveitusvæði, þús. m <sup>3</sup>	69.839
Rúmmál húsa með hitaveitu, þús. m <sup>3</sup>	61.257
Rúmmál íbúðarhúsa með hitaveitu, þús. m <sup>3</sup>	35.154

## VINNSLU- OG AÐVEITUKERFI HITAVEITNA Í ÁRSLOK 1996

Fjöldi virkjaðra borholna	129
Heildarafköst virkjaðra borholna, l/s	5.171
MW	1.253
Samanlögð lengd safn- og aðveituæða, km	
Úr stáli	337
Úr asbesti	158
Úr plasti	0,3
Alls	495
Hámarksafköst vinnslukerfis, MW	1.474

## DREIFIKERFI OG DÆLU-STÖÐVAR Í ÁRSLOK 1996

Samanlögð lengd dreifikerfis, km	
Úr stáli	2.276
Úr asbesti	2,7
Úr plasti	69,5
Alls	2.348
Samanlögð stærð miðlunargeyma, m <sup>3</sup>	128.771

## ORKUÖFLUN HITAVEITNA 1996


Heildarvatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum, þúsundir m<sup>3</sup> 81.320

Varmaöflun 1996, %	
Jarðhiti	96,2
Rafmagn	3,5
Olía	0,1
Annað	0,2

Orkuöflun hitaveitna 1996 skiptist þannig á stærstu fyrirtækin (TJ):

Hitaveita Reykjavíkur	10.219
Hitaveita Suðurnesja	1.813
Hitaveita Akureyrar	752
Selfossveitur bs.	360
Aðrar	4.175
Alls	17.319

Þessi skipting er sýnd á mynd 2.1.



Mynd 2.1 Orkuvinnsla íslenskra hitaveitna 1996 eftir fyrirtækjum.

## ELDSNEYTISNOTKUN Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐAR- BÚSKAP 1984-1996

Mynd 3.1 sýnir heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap, þ.e. bæði innanlandsnotkun og notkun í flugi og siglingum milli landa á vegum íslenskra fyrirtækja tímabilið 1984-1996.

Mynd 3.2 sýnir skiptingu í notkun innanlands annars vegar og í samgöngum milli landa, þ.e. í flugi og siglingum hins vegar. Eins og myndin sýnir fer umtalsverður hluti af allri eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap í að halda uppi samgöngum við umheiminn, bæði vegna legu landsins og umsvifa Íslendinga í flugi yfir Norður-Atlandshaf.


## LOSUN Á KOLTVÍSÝRINGI FRÁ BRENSLU ELDSNEYTIS Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐAR- BÚSKAP 1984-1996

Allri brengslu á eldsneyti fylgir óhjákvæmilega losun á koltvísýringi, CO<sub>2</sub>, út í andrúmsloftið.


Koltvísýringur er gróðurhúsalofttegund sem kann að valda hækkun hitastigs á jörðinni. Íslendingar hafa eins og fjölmargar aðrar þjóðir, undirritað viljayfirlýsingu um að halda losun sinni á honum í skefjum, þannig að hún verði ekki meiri árið 2000 en árið 1990. Það er því mikilvægt að fylgjast með henni.

Mynd 3.3 sýnir heildarlosun koltvísýrings frá brengslu eldsneytis 1984-1996.


Mynd 3.4 sýnir losun koltvísýrings vegna innanlandsnotkunar, millilanda- notkunar og heildarnotkunar. Slitróttar láréttar línur sýna losunina 1990 vegna innanlandsnotkunar og heildarnotkunar.




Mynd 3.1 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996.



Mynd 3.2 Notkun eldsneytis innanlands og í samgöngum milli landa 1984-1996.



Mynd 3.3 Heildarlosun koltvísýrings frá brengslu eldsneytis 1984-1996.



Mynd 3.4 Losun koltvísýrings frá brennslu eldsneytis 1984-1996.

## ELDSNEYTISNOTKUN INNANLANDS 1996


Notkun eldsneytis innanlands 1996 var sem hér segir, eftir eldsneytistegundum, mæld í þyngd (kt) og orkuinnihaldi (ktoí, þúsundum tonna að olíuígildi):

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Bensín	137,8	141,2
Flugvélabensín	1,5	1,6
Þotueldsneyti	9,1	9,3
Steinolía	0,2	0,2
Gasolía	327,1	330,5
Svartolía	121,9	120,3
Kol og koks	91,3	62,8
Flöskugas	1,4	1,6
Alls	690,3	667,5

Þetta eldsneyti skiptist á helstu flokka notenda sem hér segir:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Húshitun, eldun og sundlaugar	13,2	13,5
Fiskiskip	274,4	276,3
Önnur skip	13,9	13,9
Flugvélar	10,8	11,1
Bílar og tæki	211,6	215,7
Iðnaður	165,0	135,6
Raforkuvinnsla	1,4	1,4
Alls	690,3	667,5

Mynd 3.5 sýnir skiptingu eldsneytisnotkunar innanlands 1996 á helstu notkunarflokkum eldsneytis, mæld í orkuinnihaldi (ktoí, þúsundum tonna að olíuígildi).



Mynd 3.5 Eldsneytisnotkun innanlands 1996 eftir notkunarflokkum.

## ELDSNEYTISNOTKUN ALLS Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐARBÚSKAP 1996

Sökum þess að Íslendingar nota umtalsvert magn eldsneytis í samgöngum milli Íslands og annarra landa, bæði á sjó og í lofti, og vegna umsvifa íslenskra fyrirtækja í sjóflutningum og flugi erlendis er heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap nokkuð frábrugðin innanlandsnotkuninni, bæði um skiptingu á tegundir eldsneytis og á helstu notkunarflokkum.




Heildarnotkunin 1996 var sem hér segir, í þúsundum tonna (kt) af eldsneyti og þúsundum tonna (ktoí) að olíuálgildi af orku:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Bensín	137,8	141,2
Flugvélabensín	1,5	1,6
Þotueldsneyti	126,5	129,3
Steinolía	0,2	0,2
Gasolía	341,7	345,2
Svartolía	179,4	177,0
Kol og koks	91,3	62,8
Flöskugas	1,4	1,6
Alls	879,8	858,9


Skiptingin á helstu notkunarflokka var þannig:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Húshitun, eldun og sundlaugar	13,2	13,5
Fiskiskip	274,4	276,3
Önnur skip	86,0	85,4
Flugvélar	128,2	131,0
Bílar og tæki	211,6	215,7
Iðnaður	165,0	135,6
Raforkuvinnsla	1,4	1,4
Alls	879,8	858,9

Mynd 3.6 sýnir heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1996 eftir tegundum eldsneytis og mynd 3.7 sýnir hana eftir helstu notkunarflokkum.



Mynd 3.7 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1996 eftir helstu notkunarflokkum.



Mynd 3.6 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1996 eftir tegundum eldsneytis.

# Töfluyfirlit

## Raforkuvinnsla

1.1	Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904-1996	.18
1.2	Afl, mesta álag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1996	.20
1.3	Raforkuvinnslufyrirtæki 1996	.24
1.4	Raforkuðflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1996	.25
1.5	Virkjanir og miðlunarlon 1996	.28

## Raforkusala

2.1	Raforkuvinnsla, flutningstöp, stórnotkun og almenn notkun 1995 og 1996	.29
2.2	Almenn raforkunotkun 1995 og 1996 við meðallagslofthita	.29
2.3	Sala Landsvirkjunar (MWh) í heildsölu og til stórnotenda á raforku 1996 eftir mánuðum, sölustöðvum, kaupendum og söluflokkum	.30
2.4	Sala á forgangsortku í heildsölu 1996 eftir seljendum og kaupendum	.34
2.5	Sala til almennra nota á ótryggðri raforku (MWh) og samkvæmt sérsamningum 1996	.35
2.6	Raforkusala (MWh) til endanlegra notenda 1996 eftir notkunarflokkum, yfirlit	.34
2.7	Raforkusala (MWh) til endanlegra notenda 1996 eftir notkunarflokkum	.36
2.8	Raforkusala (MWh) eftir landshlutum og notkunarflokkum 1996	.42
2.9	Raforkusala raforkufyrirtækja 1996 í þús. kr.	.44
2.10	Íbúafjöldi á orkuveitusvæðum almenningsrafveitna 1. desember 1996	.44

## Raforkuverð

3.1	Heildsöluverð á raforku til rafveitna í árslok 1996	.45
3.2	Meðalverð á raforku frá Landsvirkjun 1996	.45
3.3	Smásöluverð á raforku í árslok 1996	.46
3.4	Samanburður á raforkuverðum í árslok 1996 í kr/kWh	.46

## Flutningskerfi raforku

4.1	Lengd flutningskerfis raforku 1996 í km	.47
-----	---	-----

## Hitaveitur

5.1	Hitaveitur, almennar upplýsingar í árslok 1996	.48
5.2	Hitaveitur, vinnslu- og aðveitukerfi í árslok 1996	.49
5.3	Hitaveitur, dreifikerfi og dælustöðvar í árslok 1996	.50
5.4	Rekstur hitaveitna 1996	.51
5.5	Vatnssala hitaveitna 1996 eftir notkunarflokkum	.52
5.6	Upplýsingar um einkahitaveitur 1996	.54
5.7	Gjaldskrár hitaveitna í apríl 1996	.55

## Eldsneyti

6.1	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996. Þyngd í tonnum	.56
6.2	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996. Orka í terajúlum (TJ)	.56
6.3	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996 Orka í þúsundum tonna að olíuígildi (ktoí)	.57
6.4	Losun á koltvísyringi vegna notkunar eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1984-1996 Þúsundir tonna (kt) af CO <sub>2</sub>	.58
6.5	Eldsneytisnotkun Íslendinga innanlands 1996 eftir tegundum og notkunarflokkum	.58
6.6	Eldsneytisnotkun í millilandasamgöngum 1996 eftir tegundum og notkunarflokkum	.59
6.7	Eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap 1996 eftir tegundum og notkunarflokkum	.59
6.8	Innflutningur á eldsneyti 1984-1996. Þyngd í tonnum	.60
6.9	Eldsneytissala í heild á Íslandi 1984-1996. Þyngd í tonnum	.60
6.10	Eldsneytissala til innlendra aðila 1984-1996. Þyngd í tonnum	.62
6.11	Eldsneytissala á Íslandi til erlendra aðila 1984-1996. Þyngd í tonnum	.62
6.12	Eldsneytiskaup íslenskra skipa og flugvéla erlendis 1984-1996. Þyngd í tonnum	.62

## Frumorka

7.1	Frumorkunotkun á Íslandi 1987-1996 í þúsundum tonna að olíuígildi (ktoí)	.63
7.2	Frumorkunotkun á Íslandi 1987-1996 í petajúlum (PJ)	.63

Tafla 1.1 Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904-1996

Ár	Ástimplað afl í árslok				Raforkuvinnsla			
	Vatnsorka MW	Jarðhiti MW	Eldsneyti MW	Samtals MW	Vatnsorka GWh	Jarðhiti GWh	Eldsneyti GWh	Samtals GWh
1904	0,009	.	-	0,009	...	.	-	...
1905	0,009	.	-	0,009	...	.	-	...
1906	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1907	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1908	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1909	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1910	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1911	0,052	.	-	0,052	...	.	-	...
1912	0,052	.	-	0,052	...	.	-	...
1913	0,126	.	-	0,126	...	.	-	...
1914	0,126	.	-	0,126	...	.	-	...
1915	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,04	...
1916	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,05	...
1917	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,05	...
1918	0,194	.	0,035	0,229	...	.	0,05	...
1919	0,244	.	0,046	0,290	...	.	0,07	...
1920	0,244	.	0,111	0,355	0,5	.	0,2	0,7
1921	1,3	.	0,1	1,4	1,2	.	0,2	1,4
1922	1,5	.	0,2	1,7	3,7	.	0,3	4,0
1923	2,2	.	0,2	2,4	5,9	.	0,3	6,2
1924	2,2	.	0,2	2,4	7,5	.	0,4	7,9
1925	2,2	.	0,3	2,5	7,6	.	0,4	8,0
1926	2,2	.	0,3	2,5	7,1	.	0,5	7,6
1927	2,2	.	0,4	2,6	6,3	.	0,6	6,9
1928	2,2	.	0,5	2,7	6,2	.	0,7	6,9
1929	2,3	.	0,5	2,8	6,3	.	0,8	7,1
1930	2,4	.	0,6	3,0	7,5	.	0,9	8,4
1931	2,4	.	0,7	3,1	7,4	.	1,1	8,5
1932	2,4	.	0,7	3,1	7,8	.	1,1	8,9
1933	3,9	.	0,8	4,7	9,1	.	1,2	10,3
1934	4,1	.	0,9	5,0	9,9	.	1,3	11,2
1935	4,1	.	0,9	5,0	10,8	.	1,3	12,1
1936	4,1	.	1,2	5,3	11,4	.	1,8	13,2
1937	13,6	.	1,1	14,7	14,3	.	1,7	16,0
1938	13,6	.	1,1	14,7	22,4	.	1,6	24,0
1939	15,3	.	1,1	16,4	30,0	.	1,6	31,6
1940	15,4	.	1,1	16,5	45,0	.	1,6	46,6
1941	15,4	.	1,1	16,5	57,0	.	1,6	58,6
1942	15,4	.	1,1	16,5	72,0	.	1,7	73,7
1943	15,6	.	1,4	17,0	86,0	.	2,1	88,1
1944	24,3	.	1,7	26,0	89,0	.	2,6	91,6
1945	25,9	.	2,0	27,9	99,0	.	2,9	101,9
1946	26,4	.	2,2	28,6	118,0	.	3,3	121,3
1947	29,9	.	2,3	32,2	136,0	.	4,8	140,8
1948	29,9	.	10,7	40,6	153,0	.	10,0	163,0
1949	30,8	.	12,4	43,2	160,0	.	20,1	180,1
1950	30,8	.	13,4	44,2	167,0	.	26,4	193,4
1951	30,8	.	14,0	44,8	170,0	.	39,6	209,6
1952	30,8	.	14,1	44,9	175,5	.	39,4	214,9
1953	70,7	.	14,0	84,7	197,5	.	31,7	229,2

Tafla 1.1 Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904-1996 (frh.)

Ár	Ástimplað afl í árslok				Raforkuvinnsla			
	Vatnsorka MW	Jarðhiti MW	Eldsneyti MW	Samtals MW	Vatnsorka GWh	Jarðhiti GWh	Eldsneyti GWh	Samtals GWh
1954	73,1	.	14,1	87,2	326,5	.	11,6	338,1
1955	73,1	.	14,3	87,4	378,9	.	11,9	390,8
1956	73,1	.	15,3	88,4	405,5	.	11,8	417,3
1957	73,1	.	15,8	88,9	414,6	.	13,0	427,6
1958	78,7	.	16,4	95,1	430,6	.	14,9	445,5
1959	105,0	.	16,4	121,4	470,1	.	14,0	484,1
1960	105,0	.	17,0	122,0	522,9	.	13,1	536,0
1961	105,0	.	22,9	127,9	576,1	.	12,5	588,6
1962	104,9	.	23,6	128,5	592,9	.	13,1	606,0
1963	121,7	.	24,9	146,6	629,0	.	11,6	640,6
1964	122,7	.	26,6	149,3	653,1	.	12,6	665,7
1965	122,7	.	31,2	153,9	640,7	.	22,1	662,8
1966	122,7	.	45,4	168,1	623,9	.	43,7	667,6
1967	122,7	.	47,3	170,0	664,5	.	31,4	695,9
1968	122,7	.	48,2	170,9	686,9	.	31,7	718,6
1969	243,7	2,6	86,8	333,1	860,1	1,9	41,3	903,3
1970	243,8	2,6	87,7	334,1	1.412,9	12,1	35,4	1.460,4
1971	283,8	2,6	87,9	374,3	1.539,6	12,1	40,2	1.591,9
1972	363,8	2,6	87,8	454,2	1.702,6	21,7	43,5	1.767,8
1973	376,0	2,6	90,0	468,6	2.181,0	24,2	80,2	2.285,4
1974	376,0	2,6	96,7	475,3	2.258,2	7,7	76,6	2.342,5
1975	389,0	2,6	104,2	495,8	2.205,6	18,4	71,5	2.295,5
1976	391,9	2,6	108,2	502,7	2.349,5	19,0	52,9	2.421,4
1977	491,9	2,6	112,5	607,0	2.519,7	16,1	66,1	2.601,9
1978	541,9	7,5	113,1	662,5	2.605,0	18,3	50,5	2.673,8
1979	541,9	7,5	115,2	664,6	2.819,1	45,6	54,4	2.919,1
1980	541,9	12,0	116,4	670,3	3.053,2	44,7	44,7	3.142,6
1981	611,9	17,0	119,9	748,8	3.084,5	123,1	50,3	3.257,9
1982	751,9	26,7	125,8	904,4	3.407,1	159,1	8,6	3.574,8
1983	751,9	29,2	126,8	907,9	3.587,9	171,7	6,4	3.766,0
1984	751,9	39,2	125,7	916,8	3.737,9	173,2	3,1	3.914,2
1985	751,9	41,2	128,2	921,3	3.662,9	171,2	3,3	3.837,4
1986	751,9	41,2	129,2	922,3	3.841,8	212,3	3,7	4.057,8
1987	751,9	41,2	128,8	921,9	3.914,0	234,1	3,9	4.152,0
1988	751,9	41,2	129,9	923,0	4.164,6	245,6	5,7	4.415,9
1989	751,9	44,8	131,8	928,5	4.213,2	257,5	4,5	4.475,2
1990	751,9	44,8	116,1	912,8	4.158,8	282,9	5,5	4.447,2
1991	774,5	44,8	117,5	936,8	4.153,7	267,0	6,0	4.426,7
1992	874,5	44,8	119,7	1.039,0	4.305,7	229,8	5,0	4.540,5
1993	874,5	49,6	119,5	1.043,6	4.462,4	254,3	4,1	4.720,8
1994	879,5	50,1	121,8	1.051,4	4.510,5	259,6	3,8	4.773,9
1995	879,5	50,1	120,2	1.049,8	4.678,2	290,2	8,4	4.976,9
1996	879,5	50,1	120,9	1.050,6	4.763,8	345,9	3,4	5.113,1

Tafla 1.2 Afl, mesta álag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1996

Rafstöðvar	Ástimplað afl 31.12.96 kW	Álag 1996 kW	MWh					
			Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Mái	Júní
<b>Alls</b>	<b>1.050.582</b>	.	<b>455.626</b>	<b>450.689</b>	<b>463.304</b>	<b>408.128</b>	<b>401.272</b>	<b>375.140</b>
<b>Aukning frá fyrra ári í %</b>		.	<b>0,8</b>	<b>7,9</b>	<b>0,6</b>	<b>-2,1</b>	<b>-0,6</b>	<b>2,3</b>
<b>1 Vatnsorka</b>	<b>879.534</b>	.	<b>418.553</b>	<b>415.897</b>	<b>426.736</b>	<b>373.139</b>	<b>387.623</b>	<b>365.659</b>
1 Sigalda	150.000	146.420	55.091	61.087	50.908	36.891	46.369	45.809
2 Hrauneyjafoss	210.000	206.960	84.579	91.507	80.168	63.592	73.588	73.553
3 Búrfell	210.000	221.240	155.022	142.438	154.034	139.378	138.256	148.230
4 Steingrímsstöð	26.400	12.790	7.267	8.338	8.867	8.640	1.700	-
5 Írafoss	47.800	45.040	22.712	20.257	24.286	23.547	24.617	22.451
6 Ljósafoss	14.600	13.800	9.545	8.794	9.581	8.811	3.944	4.996
7 Elliðaár	3.160	3.280	498	529	567	298	-	-
8 Andakill	7.920	8.341	1.521	2.789	4.796	5.087	1.837	2.168
9 Rjúkandi	840	949	567	710	651	845	578	625
10 Mjólka	8.100	8.185	3.402	3.207	4.790	4.322	5.209	5.745
11 Reiðhjalli	520	515	74	62	114	49	181	286
12 Fossar	1.160	583	236	211	435	304	488	416
13 Sængurfoss	720	...	83	92	85	42	7	15
14 Blævardalsá	200	...	77	30	54	91	125	103
15 Mýrará	60	...	19	15	13	13	28	32
16 Þverá	1.736	1.202	30	192	766	436	316	400
17 Laxárvatn	480	598	290	268	326	240	-	-
18 Blanda	150.000	144.600	56.108	56.711	60.222	54.335	63.310	40.914
19 Gönguskarðsá	1.064	1.123	494	327	596	675	797	758
20 Skeiðsfoss	4.900	5.167	460	1.311	2.628	2.764	1.797	833
21 Garðsá	174	188	46	29	90	111	128	116
22 Laxá	28.000	22.920	12.955	11.150	14.983	15.177	15.468	9.286
23 Lagarfoss	7.500	8.530	5.026	4.058	5.381	5.574	5.804	5.438
24 Fjarðará	160	145	106	76	95	100	108	117
25 Grímsá	2.800	3.308	1.543	1.093	1.540	950	2.036	2.368
26 Búðará	240	180	29	56	61	47	62	77
27 Smyrlabjargaá	1.000	1.384	773	559	699	821	870	925
<b>2 Jarðvarmi</b>	<b>50.100</b>	.	<b>36.925</b>	<b>34.350</b>	<b>36.393</b>	<b>34.847</b>	<b>13.508</b>	<b>9.359</b>
1 Svartsengi	16.400	17.850	11.732	11.040	11.589	10.912	7.001	7.038
2 Reykjanes	500	...	245	262	239	274	261	256
3 Námafjall	3.200	3.120	2.244	1.993	2.122	2.029	2.075	2.066
4 Krafla	30.000	30.440	22.704	21.056	22.443	21.633	4.171	-
<b>3 Eldsneyti</b>	<b>120.948</b>	.	<b>148</b>	<b>441</b>	<b>175</b>	<b>141</b>	<b>141</b>	<b>122</b>
1 Kirkjubæjarkl.	700	170	-	0	-	0	0	-
0 Vík í Mýrdal	01.025	2.092	0 5	5 4	-	-	1	-
3 Hvolsvöllur	325	150	-	-	-	-	1	-
4 Vestmannaeyjar	5.370	3.254	-	83	-	3	20	-
5 Selfoss	- 800	- ...	- 1	023	-	-	-	-
6 Grindavík	1.200	...	0	3	7	-	-	-
7 Straumsvík	35.000	...	1	-	-	1	-	-
8 Hafnarfjörður	1.080	919	-	-	-	0	6	6
9 Akranes	1.200	...	5	-	-	-	-	-
10 Ólafsvík	3.628	2.881	-	7	3	-	2	14
11 Grundarfjörður	800	...	-	-	-	-	-	-
12 Stykkishólmur	1.490	1.518	0	3	3	0	-	6
13 Búðardalur	500	26	-	-	-	-	-	-
14 Flatey	60	...	10	10	10	11	9	8
15 Reykhólar	700	...	-	0	-	-	2	1

Raforkuvinnsla								Nýting h
Júlí MWh	Ágúst MWh	Sept. MWh	Okt. MWh	Nóv. MWh	Des. MWh	Alls MWh	Aukn. frá 95 %	
<b>400.714</b>	<b>388.608</b>	<b>382.047</b>	<b>441.364</b>	<b>465.118</b>	<b>481.122</b>	<b>5.113.130</b>	<b>2,7</b>	.
7,2	5,3	-1,4	3,3	6,0	4,0	2,7	.	.
<b>381.789</b>	<b>359.091</b>	<b>352.925</b>	<b>406.726</b>	<b>430.447</b>	<b>445.220</b>	<b>4.763.807</b>	<b>1,8</b>	.
49.295	41.189	39.226	45.631	62.949	69.244	603.689	2,6	4.123
79.745	70.869	66.648	72.830	94.995	103.135	955.209	1,6	4.615
159.166	154.010	142.616	151.834	134.898	130.452	1.750.334	5,4	7.911
-	1.023	8.551	8.697	8.695	9.077	70.855	-33,6	5.540
20.569	18.380	18.528	20.524	19.238	17.957	253.066	0,5	5.619
5.151	4.939	787	1.163	4.959	5.089	67.759	-36,0	4.910
-	-	19	488	447	459	3.305	19,9	1.008
2.029	2.727	3.459	2.792	1.436	1.266	31.906	7,5	3.825
813	679	647	680	605	761	8.161	8,4	8.599
6.352	5.954	5.949	6.154	4.808	3.158	59.049	16,1	7.214
275	166	163	204	87	45	1.704	-7,4	3.309
452	460	391	445	276	220	4.335	4,8	7.436
26	34	12	67	82	108	651	-31,8	...
70	125	89	97	77	35	974	50,8	...
39	40	40	12	13	29	294	61,0	...
241	308	501	350	308	78	3.928	-24,6	3.268
53	147	157	290	330	333	2.433	-12,2	4.068
30.047	35.013	42.119	69.491	76.751	86.554	671.575	-1,0	4.644
730	590	-	-	-	-	4.967	-28,7	4.423
2.800	995	986	1.420	1.358	1.133	18.486	19,8	3.578
135	124	149	126	105	53	1.212	162,3	6.445
14.828	12.676	13.964	14.240	11.687	12.884	159.299	15,9	6.950
5.493	5.665	5.523	5.946	4.559	2.127	60.594	13,0	7.104
115	111	115	112	83	86	1.224	21,9	8.439
2.365	1.873	1.608	2.113	970	636	19.096	16,7	5.773
79	73	63	73	67	41	727	4,4	4.040
922	921	614	947	663	260	8.976	11,6	6.485
<b>18.753</b>	<b>28.835</b>	<b>29.022</b>	<b>34.469</b>	<b>34.277</b>	<b>35.207</b>	<b>345.944</b>	<b>19,2</b>	.
7.356	6.575	7.522	10.633	11.253	11.689	114.339	6,6	.
100,0	143 ...	258	234	252	189	2.810	36,3	.
2.203	1.271	628	2.200	1.917	2.020	22.766	98,5	7.297
8.998	20.845	20.613	21.402	20.855	21.309	206.029	21,6	6.768
<b>172</b>	<b>683</b>	<b>99</b>	<b>169</b>	<b>394</b>	<b>694</b>	<b>3.380</b>	<b>-59,9</b>	.
491,5	0 ...	-	-	0	-	0	-30,2	...
-	-	-	0	1	-	12	-33,3	...
-	-	-	-	1	1	2	-77,3	...
21	-	-	-	58	98	282	348,4	...
-	-	-	-	37	59	120	58,4	...
-	-	-	-	1	1	12		
-	1	-	2	-	-	5	-66,7	...
6	-	-	1	1	4	25	321,0	...
-	-	-	-	33	66	104		
-	-	-	-	4	3	32	-83,4	...
0	0	-	0	0	0	7	850,4	...
0	-	0	0	0	0	14	-49,6	...
-	-	-	-	-	0	0	-95,7	...
11	11	6	9	9	10	114	-2,8	...
-	13	1	5	4	-	26	-64,2	...

Tafla 1.2 Afl, mesta álag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1996 (frh.)

Rafstöðvar	Ástimplað afl 31.12.96 kW	Álag 1996 kW	MWh					
			Jan.	Febr.	Mars	April	Mái	Júní
16 Patreksfjörður	3.000	...	13	27	1	1	-	-
17 Tálknafjörður	420	...	0	1	0	0	-	0
18 Bíldudalur	950	...	-	4	-	-	0	-
19 Þingeyri -	-1.500	- ...	- -	- 3	-	0	-	-
20 Flateyri	990	...	0	6	0	1	3	-
21 Suðureyri 1	1 780	1 ...	2 1	5	-	0	2	-
22 Bolungarvík	3.310	...	-	21	-	2	4	-
23 Ísafjörður -	-5.000	- ...	- -	-30	2	1	-	4
24 Súðavík 0	01.180	0 ...	0 -	0 7	0 -	0	3	1
25 Reykjanes	620	...	23	41	16	25	0	-
26 Dranganes	420	...	2	-	1	0	-	0
27 Hólmavík	1.250	...	1	1	0	5	0	-
28 Hvammstangi	450	280	-	0	-	-	0	0
29 Laxárvatn -	- 0	- ...	-	-	-	-	-	-
30 Skagaströnd	1.460	1.415	-	-	-	-	-	-
31 Sauðárkrókur	600	...	-	-	-	0	-	-
32 Sauðárkrókur II	200	80	-	-	-	0	-	-
33 Hofsó	800	773	0	0	0	0	0	0
34 Siglufjörður	2.440	654	0	0	2	0	0	0
35 Ólafsfjörður	450	25	-	-	-	-	-	-
36 Grimsey	415	...	76	56	57	50	44	38
37 Hrísey	500	381	-	0	5	-	1	0
38 Grenivík	800	631	3	0	-	-	-	-
39 Akureyri, IÖV	07.000	0 ...	0	0	0	-	-	-
40 Akureyri	5.500	...	-	-	-	-	-	-
41 Varastöð -	- 400	338	- -	- -	-	2	-	3
42 Húsavík	1.140	...	1	1	0	0	1	0
43 Raufarhöfn	01.376	1.602	0 1	0 -	0 -	9	8	6
44 Þórshöfn	2.000	1.895	2	-	0	11	18	5
45 Bakkafjörður	665	396	1	0	-	2	3	0
46 Vopnafjörður	-2.980	1.754	- 1	- 0	0	-	1	-
47 Bakkagerði	930	40	-	-	-	-	-	-
48 Seyðisfjörður	2.600	1.986	-	-	-	2	6	15
49 Mjóifjörðuð	0 260	083	-	1	5	-	-	-
50 Neskaupstaður	5.860	9.369	0	3	-	-	-	-
51 Reyðarfjörður	690	...	-	61	61	-	-	-
52 Egilsstaðir	704	...	-	-	-	-	-	-
53 Fáskrúðsfjörður	2.140	1.364	-	-	-	-	-	-
54 Stöðvarfjörður	960	76	-	-	-	-	-	-
55 Breiðdalsvík	700	547	1	0	0	-	-	2
56 Djúpvogur	1.010	77	-	-	-	-	-	-
57 Höfn í Hornafirði	2.620	1.540	1	8	1	-	3	-

Raforkuvinnsla								Aukn. frá 95 %	Nýting h
Júlí MWh	Ágúst MWh	Sept. MWh	Okt. MWh	Nóv. MWh	Des. MWh	Alls MWh			
5	1	1	10	0	1	60	-89,6	...	
0	0	0	0	-	0	3	-93,8	...	
-	-	-	-	-	-	4	-97,1	...	
1	-	-	1	-	0	5	-98,4	...	
-	0	0	5	1	0	17	-92,9	...	
1	0	4	0	0	3	16	-91,3	...	
1	118	-	2	-	1	150	-88,0	...	
-	351	1	2	-	-	392	-81,6	...	
1	-	15	-	-	-	27	-90,0	...	
-	-	-	-	12	45	162	-66,0	...	
-	1	-	0	3	-	7	-90,0	...	
1	20	-	0	8	1	37	-43,7	...	
0	-	0	0	0	0	1	-86,8	...	
-	-	-	-	-	-	0	.	...	
2	1	0	1	1	1	14	-69,6	...	
1	-	-	-	-	-	1	-79,4	...	
0	-	-	-	-	-	1	-45,2	...	
1	0	0	0	13	0	14	-71,5	...	
3	0	10	1	0	0	16	-87,8	...	
0	0	0	0	0	0	1	-98,9	...	
39	41	46	53	58	67	626	-2,6	...	
-	0	-	0	0	-	6	-64,4	...	
455,1	0	...	-	-	-	3	-94,6	...	
-	-	-	-	1	-	1	-93,3	...	
-	-	-	-	-	-	-	.	...	
-	2	2	2	3	12	26	-40,2	...	
408,0	-	...	4	0	0	7	-38,6	...	
463,2	3	...	1	11	25	110	173	23,4	
-	4	8	13	41	46	147	-68,5	...	
-	1	1	2	12	9	31	-66,4	...	
11	0	-	5	1	-	19	-24,9	...	
0	0	0	0	0	45	46	1.	...	
13	84	-	9	4	50	182	152,4	...	
-	-	0	-	-	-	0	-62,4	...	
39	17	0	27	0	0	124	93,2	...	
-	-	-	-	61	61	245	.	...	
-	-	-	-	-	-	-	.	...	
7	-	3	-	0	0	16	-18,0	...	
-	-	-	-	0	-	6	.	...	
3	-	-	-	0	-	6	-70,2	...	
3	-	-	0	0	-	4	-24,0	...	
-	13	-	1	0	-	27	56,6	...	



Tafla 1.3 Raforkuvinnslufyrirtæki 1996

Raforkufyrirtæki	Ástimplað afl 31.12.96				Raforkuvinnsla					
	Vatnsorka kW	Jarðhiti kW	Olía kW	Alls kW	Vatnsorka MWh	Jarðhiti MWh	Olía MWh	Alls MWh	Alls %	Aukn. frá 95 %
<b>Alls</b>	<b>879.534</b>	<b>50.100</b>	<b>120.244</b>	<b>1.049.878</b>	<b>4.763.807</b>	<b>345.944</b>	<b>3.380</b>	<b>5.113.130</b>	<b>100</b>	<b>2,7</b>
<b>%</b>	<b>83,6</b>	<b>4,8</b>	<b>11,6</b>	<b>100,0</b>	<b>93,2</b>	<b>6,8</b>	<b>0,1</b>	<b>100,0</b>		
Landsvirkjun	836.800	33.200	42.000	912.000	4.531.785	228.795	6	4.760.587	93,1	2,4
Rafmagnsveitur ríkisins	18.918	-	40.884	59.802	125.147	-	1.558	126.705	2,5	10,7
Orkubú Vestfjarða	12.496	-	20.180	32.676	70.936	-	1.019	71.955	1,4	3,1
Hitaveita Suðurnesja	-	16.900	1.200	18.100	-	117.149	12	117.161	2,3	7,2
Andakílsárvirkjun	7.920	-	-	7.920	31.906	-	-	31.906	0,6	7,5
Rafmagnsveita Reykjav.	3.160	-	-	3.160	3.305	-	-	3.305	0,1	19,9
Rafveita Reyðarfjarðar	240	-	690	930	727	-	245	972	0,0	31,4
Bæjarveitur Vestm.	-	-	5.370	5.370	-	-	282	282	0,0	348,4
Selfossveitur bs.	-	-	800	800	-	-	120	120	0,0	58,4
Rafveita Hafnarfjarðar	-	-	1.080	1.080	-	-	25	25	0,0	321,0
Akranesveita	-	-	1.200	1.200	-	-	104	104	0,0	191,5
Rafveita Akureyrar	-	-	5.500	5.500	-	-	-	-	-	-
Orkuveita Húsavíkur	-	-	1.140	1.140	-	-	7	7	0,0	-38,6
Rafveita Sauðárkróks	-	-	200	200	-	-	1	1	0,0	-45,2

**Tafla 1.4 Raforkuöflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1996**

Aðveitustöð	Fyrirtæki	Flutt inn á svæðið	Unnið á svæðinu	Notað á svæðinu
<b>Alls</b>		<b>4.562.072</b>	<b>375.310</b>	<b>4.902.515</b>
<b>Ellidaár</b>		<b>285.484</b>	<b>3.305</b>	<b>288.789</b>
	Rafmagnsveita Reykjavíkur	285.484	-	285.484
	Rafmagnsveita Reykjavíkur, Elliðaár	-	3.305	3.305
<b>Korpa</b>		<b>319.311</b>	<sup>1)</sup> -	<b>284.444</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	40.164	<sup>1)</sup> -	5.297
	Rafmagnsveita Reykjavíkur	148.779	-	148.779
	Áburðarverksmiðjan hf.	130.368	-	130.368
<b>Hamranes</b>		<b>2.122.102</b>	<b>117.186</b>	<b>2.239.288</b>
	Hitaveita Suðurnesja	104.231	-	104.231
	Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi	-	114.351	114.351
	Hitaveita Suðurnesja, Reykjanes	-	2.810	2.810
	Rafmagnsveita Reykjavíkur	267.478	-	267.478
	Rafveita Hafnarfjarðar	69.775	-	69.775
	Rafveita Hafnarfjarðar, dísilstöð	-	25	25
	Íslenska álfélagið hf.	1.679.914	-	1.679.914
	Fura ehf.	704	-	704
<b>Brennimelur</b>		<b>647.075</b>	-	<b>647.075</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	6.875	-	6.875
	Íslenska járnblendifélagið hf.	640.200	-	640.200
<b>Vatnshamrar</b>		<b>119.149</b>	<b>40.224</b>	<b>159.373</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins, frá Landsvirkjun	84.282	-	84.282
	Rafmagnsveitur ríkisins, aðflutt frá Korpu	34.867	-	34.867
	Andakílsárvirkjun	-	31.906	31.906
	Akranesveita	-	104	104
	Rafmagnsveitur ríkisins, Rjúkandi	-	8.161	8.161
	Rafmagnsveitur ríkisins, Ólafsvík	-	32	32
	Rafmagnsveitur ríkisins, Grundarfjörður	-	7	7
